Afstöðumynd
mkv: 1 : 500

Byggingalýsing

A. ALMENNT

MÓBERGSSKARÐ 8

LANDEIGNARNÚMER L2255456.

B. STARFSEMI OG NOTKUN
Um er að ræða fjórbýlishús á tveimur hæðum, tvær íbúðir með sérinngang eru á hvorri hæð. Burðarvirki húss er staðsteypt, einangrað að utan og klætt með álklæðningu. Í íbúðir á efri hæð eru sérinngangur frá götuhæð og þar innaf er anddyri ,eldhús og stofa sem mynda alrými til suðurs. Innan íbúða eru einnig þrjú svefnherbergi og baðherbergi með þvottahúsi. Bílskúr, þar sem mögulegt er að geyma hjól fylgir íbúðum á efri hæðum. Geymslur fyrir íbúðir á efri hæðum eru í skáp í anddyri.
Gengið er í íbúðir á neðri hæðum um sérinngang á hlið hússins og þar innaf er anddyri ,eldhús og stofa sem mynda alrými til suðurs. Innan íbúða eru einnig þrjú svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús og geymsla.Inntök eru í sameiginlegu tæknirými á 1.hæð. Í tæknirýminu er mögulegt er að geyma hjól.
Á lóð eru fjögur bílastæði eitt fyrir hverja íbúð, öll stæði verða með rafhleðslumöguleika.

C. HELSTU STÆRÐIR

Botn		63,8 m³
1. hæð	318,9 m²	924,6 m³
2. hæð	309,4 m²	1200,1 m³
Samtals	628,3 m²	2188,5 m³

D. STÆRÐ LÓÐAR OG NÝTINGARHLUTFALL
Lóðarstærð: 1.130,5 m²
Nýtingahlutfall 629,8 m² / 1.130,5 m² = 0,56

E. BURÐARVIRKI
Útveggir og berandi innveggir eru staðsteyptir og járnbentir. Botnplata og milliplata eru staðsteyptar milli útveggja. Þakplata er einnig staðsteypt og þakhalli er mótaður í steypu.

F. UTANHÚSSFRÁGANGUR
Útveggir eru hefðbundnir staðsteyptir veggir einangraðir að utanverðu með 100 mm steinullareinangrun og klæddir álklæðningu á tilheyrandi upphengikerfi. Meginhluti húss er klæddur lóðréttri 18/76 klassískri báru í dökk gráum lit. Til að brjóta ásýnd hússins upp eru veggfletir á gluggum til suðurs og veggir við innganga og innskot klæddir að hluta með cembrit plötum í grábrúnum litatónum.

Þakfrágangur er viðsnúið þak sem einangrað er með 250 mm Roofmate einangrun, jarðvegsfilt og farg ofan á það (hellusteinar eða möl með viðeigandi grófleika, flokkur T). Undir einangrun verður tvöfalt lag af ásoðnum þakpappa sem skal vera í flokki T. þakfrágangur á þaksvölum er samskonar og frágangur á þaki (viðsnúið þak) en þar er farg hellusteinar sem eru í flokki T, Þakhalli skal vera a.m.k. 1:40.

Álklæddir timburgluggar, inngangshurðir og svalahurðir verða í dökkgráum lit. Póstlúga við aðalhurð skal vera í 100 cm hæð frá jörðu.
Glergerð skal valin í samræmi við byggingarreglugerð, grein 8.5.2.Tvöfalt K-gler er í gluggum og 14mm loftbil.
Allar útihurðir skulu vera samkvæmt byggingarreglugerð, grein 6.4.2.

G. HANDRIÐ INNAN- OG UTANHÚSS
Handrið utan húss á svölum verða úr lituðu áli og öryggisgleri, litur á áli er samlitur gluggalit. Hæð handriða á svölum 1100 mm. Handrið við útistiga eru steypt í 900m hæð og við stoðveggi í 1100 mm hæð. Engir stigar eða handrið eru innanhúss.

H. EINANGRUN BYGGINGARHLUTA
Fyrirkomulag einangrunar hússins er í meginatriðum eftirfarandi:
Einangrun sökkla og botnplötu er 100 mm polystyren-einangrun (U-gildi 0,4 W/m2K).
Einangrun útveggja er 100 mm steinullar-einangrun (U-gildi 0,4 W/m2K).
Þakeinangrun er 250 mm Þrýstieinangrun (Roofmate). (U-gildi 0,2 W/m2K)
Vegið meðaltal varmataps útveggja skal vera undir 0,85W/m².
Kólnunartölur skulu vera í samræmi við Byggingarreglugerð nr. 112/2012, grein 13.3.2.

I. GERÐ INNVEGGJA OG HURÐA
Létt innveggir eru hefðbundnir gipsveggir á blikkgrind og/eða hlaðnir frauðsteypuveggir.

J. KERFISLOFT OG KERFISGÓLF
Á ekki við.

K. LAGNALEIÐIR, UPPHITUN OG LOFTRÆSTING
Inntök eru í sameiginlegu tæknirými á 1.hæð. Húsið er hitað með gólfhitakerfi. Neysluvatn og hitalagnir eru lagðar undir plötum eða steyptar í milliplötu og eru rör í rör ál-pex lagnir eða sambærilegar vottaðar lagnir. Frárennslislagnir verða úr plasti og tengjast fráveitukerfi bæjarfélagsins. Ofanvatn bílastæða verður leitt í svelg innan lóðar

Öll rými eru loftræst vélrænt. Loftræstisamstæða verður staðsett í bílgeymslum fyrir íbúðir á efri hæðum en í geymslu fyrir íbúðir á neðri hæðum. Brunalokur tengdar við reykskynjara verða á lagnaleiðum loftræstingar úr bílskúr í íbúðum á efri hæð. Loftskipti í eldhúsi, baðherbergjum og þvottahúsi verða í samræmi við gr. 10.2.5 í byggingarreglugerð. Sjá nánar verkteikningar lagnahönnuðar.

L. BRUNAVARNIR
Hæðarskil eru steypt plata með brunamótstöðu ekki lægri en REI-90. Veggir sem aðskilja íbúðir frá hvor annarri eru steyptir og ekki með lægri brunamótstöðu en EI-90.

Flóttaleiðir úr íbúð 0101 og 0102 á jarðhæð eru um inngangshurð, svalahurðir. Á efri hæð í íbúð 0201 og 0202 eru tvær óháðar flóttaleiðir, annars vegar út um inngangshurð og hins vegar um svalahurð og út á svalir. Ekki er gerð krafa um að íbúðir á neðri hæð uppfylli kröfur um algilda hönnun og er reiknað með að íbúar þekki aðstæður og geti bjargað sér af eigin rammleik.
Staðsetning handslökkvitækja og reykskynjara kemur fram á grunnmynd.

M. HLJÓÐVIST
Hljóðvist verður í samræmi við ÍST 45:2016, kafla 6 um íbúðarhúsnæði. Hljóðvist verður ekki lakari en í flokki C.

N. ÖRYGGISBÚNAÐUR
Tryggja skal að hitastig vatns við töppunarstaði fari ekki yfir 65 gr. á celsius. Það skal gert með viðurkenndum öryggisbúnaði neysluvatnskerfa, t.d. varmaskipti eða uppblöndunarloka.
Gler sem er nær jörðu en 60cm verður öryggisgler.

O. TÆKNIBÚNAÐUR
Á ekki við.

P. ALGILD HÖNNUN
Íbúð 0201 og 0202 á efri hæð hússins eru hannaðar samkvæmt kröfum um algilda hönnun í samræmi við grein 6.1.3.h í byggingarreglugerð. Í því felst að þröskuldur/hæðarmunur við inngangs- og svalhurð er minni en 25 mm. Á baðherbergi, við hurðir og í öllum svefnherbergjum er a.m.k. 1.300 x 1800 mm snúningssvæði eða hægt að koma því við síðar með því að breyta innréttingum. Hindrunarlaus umferðarbreidd allra dyra innanhúss skal vera minnst 0,8 m og hæð minnst 2,0m. Aðkomuleið af bílastæði inn í íbúð er einnig þrepalaus.

Aðkoma að íbúðum 0101 og 0102 er ekki af aðkomukóta frá götu og því ekki gerð krafa um algilda hönnun þeirra íbúða.

Q. FRÁGANGUR LÓÐAR
Aðkoma að húsi er hellulögð. Verönd/sérafnotaflötur er úr timbri og/eða hellulagður. Gert er ráð fyrir fjórum bílastæðum á lóð, öll stæði verða með rafhleðslumöguleika. Lýsing á lóð verður lágstemmd og glýjulaus. Snjóbræðslulagnir verða í gangstétt að aðalinngöngum og í innkeyrslu. Frágangur á lóðarmörkum skal gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Sjá nánar grunnmyndum 1. og 2. hæðar

R. MEÐHÖNDLUM SORPS
Sorp er flokkað skv. fyrirmælum sveitafélagsins.

S. AÐRAR SÉRTÆKAR AÐGERÐIR
Ekki er um neinar sértækar aðgerðir að ræða.

Byggingarhlutar (húseining, húshluti, byggingarhluti, s.s. gluggar, ofnar og fl.) sem framleiddir eru í verksmiðju eða á verkstæði og ætlað er ákveðið og sérhæft hlutverk í byggingu skulu ávallt bera vottun samkvæmt byggingarreglugerð.

Samþykkt þann
23. NÓV. 2022
Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði
Hildur Þórðardóttir

SKÝRINGAR

ÖG	Öryggisgler
GN	Gólfniðurfall
LR	Loftræsting
SLT	Slökkvitæki
R	Reykskynjari
EI-60	Brunalokanir

SHS
22. nóv. 2022

BREYTING	DAGSETNING	TEIKN.
e: Byggingalýsing: C. Helstu stærðir.	16. nov. 2022	SHT
d: Byggingalýsing: C. Helstu stærðir. Sorp og bílastæði.	08. nov. 2022	SHT
c: Byggingalýsing, liður B og K (undirstrikað). Helstu stærðir, C.	31. okt. 2022	SHT
b: Byggingalýsing, liður F og K (undirstrikað).	29. okt. 2022	SHT
a: Byggingalýsing, liður G og R.	20. okt. 2022	SHT

Aðalteikningar

Móbergsskarð 8

Afstöðumynd

VERK 22-693

BLAÐ 100

REYKJAVÍK 6.okt.2022
BREYTT 16.nov.2022 BREYTING e
HANNAÐ hb/hg/jej TEIKNAÐ hg YFIRFARIÐ Checker
KVARÐI 1 : 500 BLAÐSTÆRÐ A2
SAMÞYKKTUR Kt. 090982-3549 HÖNNUNARSTJÓRI

TEIKNISTOFA ARKITEKTA
GYLFI GUÐJÓNSSON OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar faí
VEGMÚLA 2 108 REYKJAVÍK SÍMI 552 8740
KAUPANGI VIÐ MÝRARVEG 600 AKUREYRI SÍMI 461 5508
NETFÖNG: teikna@teikna.is VEFFANG: teikna.is